

Ed.

336. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í rikissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í rikissjóð af efnivörunum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvarandi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörunum en sem nemur gjöldum af tilsvarandi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.
3. Ákvæðin í 1. og 2. hð taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tollögum.

2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.